

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á Ísafirði.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum 7. október 2004 að breyta deiliskipulagi á Ísafirði.

Breytingin felur í sér að rúmlega 13600 m² lóð að Sindragötu 27, sem ætluð hefur verið fyrir olíubirgðastöð, er skipt upp í tvær lóðir, þ.e. u.þ.b. 5000 m² lóð fyrir iðnað (Sindragata 27) og u.þ.b. 7000 m² lóð fyrir olíubirgðastöð (Sindragata 29), auk breytingar á gatnakerfi.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 10. desember 2004.

Stefán Brynjólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.